



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

13. árgangur 1.tbl.

Janúar 2016

Þorrablót Gnúpverja 2016

Þorrablót Gnúpverja verður haldið í Árnesi
föstudaginn 22. janúar. Húsið opnað
kl: 20:00 og dagskráin hefst kl: 20:45

- Miðaverð: 6.500,- Miðapantanir:



Anna María s. 486-6034

Jenný s. 486-6009/898-9169

Pantanir þurfa að berast fyrir
þriðjudagskvöldið 19. janúar.



Fólk er beðið um að stilla miðapöntunum í hóf.

Afhending miða fer fram í Árnesi fimmtudaginn 21.jan.

milli kl. 18:00 og 20:00. Hægt er að greiða miðana með því
að leggja inn á reikningsnr. **0325-13-110161**

kennit. 270949-3049. Munið að senda kvittun á netfangið

gunngeirsson@gmail.com

**Ath. Þetta er pokaball þar sem ekki er bar í húsinu.
Gos verður ekki selt á staðnum.**



Hljómsveitin Blek og byttur
leikur fyrir dansi. 😊





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. febrúar 2016.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti.

Alltaf gaman, alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

Margar góðar bækur að lesa S: 486-5505

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Munið! Nýtt símanúmer á

Heilsugæslunni í Laugarási 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000


Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Lyfju– útibú í Laugarási S. 486-8655

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema miðvikudaga, þá opið 10-13.

Opnunartími gámasvæða vetur 2015!

Gámasvæðið við Árnes stendur við E- götu vestan Suðurbrautar í Árnesi.



Opið þar:

þriðjudaga

kl. 14:00 - 16:00

laugardaga

kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt:

miðvikudaga

kl. 14:00 - 16:00

laugardaga

kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Jón F. Sigurdsson í Réttarholti hefur umsjón með gámasvæðunum gsm. **893-7016** eða **462-5301**.

Skaftholt tekur áfram við garðaúrgangi og afklippum trjáa Og eins og áður er að hægt að losa þar að degi til, garðaúrgang og afklippum trjáa á ákveðnu svæði þar alla daga vikunnar. (Til vinstri á heimreið framan vert við gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Sveitarstjóri.

23. Sveitarstjórnarfundur Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 4.janúar 2016 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinnsson, Meike Witt og Kristjana Heyden Gestsdóttir sem sat fundinn í fjarveru Höllu Sigríðar Bjarnadóttur, Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Mál til umfjöllunar og umræðu :

1. **Fasteignamat vindmyllur.** Kæra til Yfirfasteignamatsnefndar. Oddviti fór yfir feril málsins er varðar kæru fasteignamats á vindmyllum við Hafið. Yfirfasteignamatsnefnd vísaði kærinni frá. Málið hefur verið sent til endurmats.
2. **Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun umhverfismats vegna Hvammsvirkjunar.** Oddviti lagði fram eftirgreinda bókun: Við undirrituð teljum að samkvæmt reglugerð nr: 660/2015 28. Gr. annarri málsgrein sé það hlutverk Skipulagsstofnunar að meta það sjálfstætt ekki síður en eftir ábendingum umsagnaraðila og almennings (þriðja mgr.) Í fyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna mats á samfélagslegum áhrifum vísar stofnunin til þess að umsagnaraðilar haft ekki með beinum hætti bent á hugsanlegar breytingar á samfélagslegum áhrifum. Stofnunin hefði átt að leggja sjálfstætt mat á breytt samfélagsleg viðhorf. Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Meike Witt.
„Við undirrituð teljum úrskurð Skipulagsstofnunar um endurskoðun umhverfismats Hvammsvirkjunar unninn á faglegan hátt.“
Gunnar Örn Marteinnsson, Kristjana H Gestsdóttir
3. **Raforkumál í sveitarfélaginu – ástand flutningskerfis rafmagns.** Oddviti vakti máls á ástandi raforkumála í sveitarfélaginu. Á síðustu misserum hefur rafmagn ítrekað slegið út og hefur rafmagnsleysi varað í allt 12 klukkustundum í senn. Raforkuöryggi í sveitarfélaginu er í ólestri og hefur verið svo um nokkuð langt skeið. Sveitarstjórn lýsir samhljóða megnri óánægju með ástand raforkumála sé með þessum hætti og spyr stjórnendur RARIK hvort viðhaldi og endurnýjun hafi ekki verið sinnt sem vera ber.
4. **Afslættir ellilífeyrissþega á fasteignagjöldum.** Sveitarstjóri lagði fram tekjuviðmið og tilheyrandi uppreikning samkvæmt hækkun vísitölu milli ára. Uppreikningurinn byggir á eldri samþykkt sveitarstjórnar. Samkvæmt tekjuviðmiðinu fá einstaklingar 67 ára og eldri með tekjur allt að 2.349.671 kr, 100 % afslátt af fasteignagjöldum. Sambúðarfólk með tekjur allt að 3.579.111 kr, 100 % afslátt. Afsláttur fasteignagjalda ellilífeyrisþega lækkar í þrepum að tekjum einstaklinga allt að

- 3.192.724 kr og 4.766.895 kr. Framlagt tekjuviðmið samþykkt samhljóða
5. **Fjárhagsmál.** Sveitarstjóri lagði fram drög að sjóðsstreymi sveitar sjóðs frá ára mótum til 1. maí 2016. Sjóðstreymi sýnir þörf á yfirdráttarláni allt að 30.000.000 kr næstu mánuði. Ekki þó stöðugt. Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum heimild til töku yfirdráttarláns allt að 30.000.000 kr til 4. maí 2016. Gunnar Örn Marteinnsson sat hjá.
6. **Tómstunda- og íþróttastyrkur 2016.** Lögð var fram svohljóðandi tillaga um tómstunda- og íþróttastyrk. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að íþróttar – og tómstundastyrkur til barna 18 ára og yngri búsettra í sveitarfélaginu verði kr. 55.000 fyrir hvern einstakling fyrir árið 2016. Hægt verði að sækja um styrkinn tvisvar á árinu þ.e. fyrir 1.mars og 1.okt. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að frumriti viðkomandi reiknings verði framvísað. Samþykkt samhljóða.
7. **Uppgjör Þjósárstofu.** Oddviti sagði frá viðræðum sem hafa farið fram milli fulltrúa Landsvirkjunar annars vegar og oddvita og sveitarstjóra fyrir hönd sveitarfélagsins hins vegar um uppgjör kostnaðar við Þjósárstofu. Lagt fram og kynnt.
8. **Opnunartími sundlauga.** Rætt var um opnunartíma sundlauga. Oddviti leggur til að opnunartími í Skeiðalaug verði óbreyttur frá því sem nú er svo framarlega sem að sókn helst. Samþykkt samhljóða.
9. **Tillaga stjórnar byggðasamlags Skipulags og byggingarfulltrúa um sameiningu Tæknisviðs uppsveita við byggðasamlagið.** Oddviti vísaði er til liðar 2 í fundargerð stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa BS frá 29.12. 2015. Fyrir þann fund var lagt minnisblað sem unnið var af starfsmönnum Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita ásamt fulltrúa af Tæknisviði. Þar var farið yfir helstu áhersluatriði um fyrir komulag ef til þess kemur að Tæknisvið Uppsveita verði felld undir byggðasamlag Skipulags- og byggingarfulltrúa. Samkvæmt minnisblaðinu er búist við að auglýsa þurfi að lágmarki 1.8 stöðugildi fyrir starfseminna. Lagt er til að ganga til samninga við Héraðsskjalasafn Árnesinga um skönnun og flokkun eldri gagna og gera um það sérstakan verktakasamning. Í áðurnefndri fundargerð samþykkir Stjórn byggðasamlagsins Skipulags- og byggingarfulltrúa að beina því til aðildarsveitarstjórna að þau samþykkja að fella stafsemi Tæknisviðsins undir Skipulags og byggingarfulltrúa Uppsveita b.s. frá og með 1. janúar 2016. Tillagan samþykkt með þremur atkvæðum. Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason og Meike Witt samþykktu. Kristjana H Gestsdóttir sat hjá. Gunnar Örn Marteinnsson. Gunnar lagði fram svohljóðandi bókun: Undirritaður telur ekki þörf á að sveitarfélagið taki þátt í Tæknisviði Uppsveita í ljósi

ljósi þess að umfang verkefna og framkvæmda sé ekki það mikið hjá sveitarfélaginu og greiðir atkvæði gegn samruna Tæknisviðs Uppsveita við byggðasamlag Skipulags – Byggingafulltrúa.

10. **Erindi frá Einari Sigurðssyni varðandi nafn á smábýli.** Einar Sigurðsson eigandi jarðarinnar Brjánsstaða á Skeiðum hefur óskað eftir að spilda sem hann hefur stofnað úr jörðinni hljóti nafnið Mosateigur. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða nafnið Mosa teigur.
11. **Erindi um aðilaskipti á lóðaleigusamningi.** Lagt var fram erindi frá Valdimar Þór Ólafssyni kt. 030573-5879 þar sem óskað er eftir aðilaskiptum á lóð á Löngudælaholt nr 5 við Kálfá. Nýr aðili verður Barrholt ehf kt. 560902-2980. Sveitarstjórn samþykkir aðilaskiptin samhljóða.
12. **Beiðni um samþykki vegna landskipta Réttarholts.** Erindi undirritað af Guðbjörgu Guðmundsdóttur fyrir hönd Hjartar ehf kt. 620607-3390 eiganda Réttarholts landnr. 166587. Í erindinu er ósk eiganda um að skipta úr áður nefndu landi spildunni Réttarholt B landnr 223803 og selja spilduna. Samþykkt samhljóða.
13. **Endurskoðun aðalskipulags 2017-2029.** Val á sérfræðingum til verksins. Oddviti greindi frá viðræðum oddvita og sveitarstjóra við fulltrúa Steinsholts sf og Eflu ehf annars vegar og Landhönnunar hins vegar. Samþykkt að fresta ákvörðun um val á sérfræðingum til næsta fundar og oddvita og sveitarstjóra falið að ræða betur við áður nefnda sérfræðinga.
14. **Þjóðveldisbærinn.** Einar Bjarnason varaoddviti situr hússtjórn Þjóðveldisbæjarins. Hann greindi frá því að áhugi væri hjá núverandi hússtjórn Þjóðveldisbæjarins um að auka aðgengi og notkun á Þjóðveldisbænum, í því skyni hafa verið haldnir nokkrir fundir undanfarið þar sem unnið hefur verið að stefnumótun og skoðað hvað lög og reglur um Þjóðveldisbæinn leyfa. Nefndin hefur verið í sambandi við Menntamálaráðuneytið, Þjóðminjasafnið, Landsvirkjun og minjavernd í því skyni. Stefnt er að því að opna bæinn fyrir hópa frá 1. Febrúar nk. Haldinn verður vinnufundur 7. Janúar n.k. Þar mun mæta til fundar tilvönandi sérfræðingur um gerð nýs bækling og annars upplýsingaefnis ásamt fulltrúa menntamálaráðuneytis og hefur fulltrúum Exploring Iceland verið boðið að kynna sínar hugmyndir um leiðsögn og nýtingu bæjarins. Áform lögð fram og kynnt.
15. **Samstarfssamningur við Hestamannafélagið Smára.** Oddviti kynnti drög að samstarfssamningi við Hestamannafélagið Smára um uppbyggingu reiðvega. Samstarfssamningurinn felur í sér framlag frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi til

Smára samtals að fjárhæð kr. 850.000 árlega næstu 3 árin frá með árinu 2016 að telja. Áður en til framkvæmda við reiðvegi kemur ár hvert skulu fulltrúar Smára og Skeiða- og Gnúpverjahrepps funda sameiginlega til að ákveða í hvaða verkefni verður ráðist það árið. Verði samningsfjárhæðin greidd eigi síðar en 15. desember ár hvert. Samningur samþykktur samhljóða. Bókist á lið 0685 hestamannafélag í bókhaldi. Tekið verði tillit til málsins í viðauka við fjárhagsáætlun.

16. **Skýrsla um úttekt á brunahættu á hjólhýsasvæði í Þjórárdal.** Lögð var fram skýrsla um mat á brunahættu í hjólhýsahverfi í Þjórárdal vegna gróður- og kjarrelda unnin af Guðna Pálssyni brunaverkfræðingi hjá Verkfræðistofunni Mannviti. Sveitarstjórn lýsir ánægju með skýrsluna. Sveitarstjóra falið að kynna niðurstöður skýrslunnar með Skógrækt ríkisins og huga að úrbótum á hjólhýsasvæðinu.
17. **Landnámshelgi 2016.** Lagt var fram erindi frá Menningar- og æskulýðsnefnd undirritað af Hildi Lilju Guðmundsdóttur formanni nefndarinnar. Þar er óskað eftir að sveitarstjórn gefi gefi skýrar línur um hvernig Landnámshelgi verði háttað, hversu miklum fjármunum er áætlað að verja til hátíðarinnar og hvernig framkvæmd verði háttað. Sveitarstjórn hefur samþykkt í fjárhagsáætlun að leggja 350.000 kr til verkefnisins. Sveitarstjóra falið að hugmyndir sveitarstjórnar um fyrirkomulag viðburðarins.
18. **Tillaga að breytingum á lóðum við Holtabraut.** Lagt var fram gildandi deiliskipulagstillaga að lóðunum Holtabraut 1,3,5 og 7. Lóðirnar eru samþykktar sem einbýlishúsalóðir. Í ljósi þess að eftirspurn virðist nokkur eftir litlum og meðalstórum raðhúsalóðum samþykkir sveitarstjórn samhljóða að gerð verði tillaga að deiliskipulagsbreytingu umræddra lóða úr einbýlishúsalóðum í raðhúsalóðir.

Fundargerðir :

19. **Fundargerð 12. fundar Menningar – og æskulýðsnefndar.** Fundargerð lögð fram og kynnt.
20. **Fundargerð 13.fundar stjórnar Skóla- og Velferðarnefndar 15.12.15.** Fundargerð lögð fram og kynnt.
21. **Fundargerð 101. Skipulagsnefnd.** Mál nr. 23 og 24 þarfnast umfjöllunar.
- Mál nr. 23:Búrfellsvirkjun: Stöðvarhús í Sámsstaðaklifi: Deiliskipulag – 1502079
- Á fundi skipulagsnefndar var lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga tillaga að deiliskipulagi fyrir Búrfellsvirkjun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan var í kynningu frá 23. október 2015 til 4. desember. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma fyrir utan nýjar umsagnir frá.

Minjastofnun Íslands, Heksluskógum, Skógrækt ríkisins, Vegagerðinni, Heilbrigðis eftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnun. Var mælt með að deiliskipulagið yrði samþykki með minniháttar breytingum til að koma til móts við innkomnar umsagnir. Frá því að skipulagsnefnd tók málið fyrir hefur verið í gangi samráð við Minjastofnun um útfærslu mótvægisáðgerða og liggur nú fyrir niðurstaða í því máli sbr. Tölvu póstur Ugga Ævarssonar hjá Minjastofnun dags. 21. desember 2015. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið með minniháttar breytingum til að koma til móts við ábendingar í umsögnum. Ekki er talið að um sé að ræða grundvallarbreytingar á tillögunni og því er ekki þörf á að auglýsa deili skipulagið að nýju.

Mál nr. 24 Hæll 1 166569: Umsókn um byggingarleyfi: Starfsmannahús – 1511040 Sótt er um leyfi til að byggja starfsmannahús 80 ferm og 266,5 rúmm úr timbri.

Skipulagsnefnd samþykkti að fela skipulagsfulltrúa að leita eftir undanþágu frá á kvæðum skipulagsreglugerðar vegna fjarlægðar frá vegi. Þá var jafnframt samþykkt að grenndarkynna umsóknina fyrir eigendum aðliggjandi fasteigna.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar.

21. **Fundargerð stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa BS.** Fundar gerð lögð fram og kynnt. Vísað til máls nr. 9 frammar í fundargerð. Þar er liður nr 2 tekin til afgreiðslu.
23. **Aðalfundur Bergrisans. 30.10.2015.** Fundar gerð lögð fram og kynnt.

Styrkir :

24. **Kvennaathvarf –Beiðni um styrk.** Lögð var fram beiðni rekstrarstyrk frá Kvennaathvarfi undirritað af Margréti Marteinsdóttur: beiðninni fylgdi rekstrar áætlun fyrir árið 2016. Samþykkt samhljóða að veita Kvennaathvarfinu styrk að fjárhæð 50.000 kr Bókist á lykil 0285 styrktarlinur.

Samningar :

25. **Húsaleigusamningur við sveitarstjóra um Heiðargerði 7.** Þarfnast staðfestingar. Lagður var fram undirritaður húsaleigusamningur um eignina. Samningur staðfestur án athugasemda.

Mál til kynningar:

- A. Stjórnarfundur 168 fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- B. Afgreiðslur byggingarfulltrúa 09.12.2015.
- C. Héraðsnefnd Árnesinga 7 fundur. 15-16.10 2015.
- D. Menntaverðlaun suðurlands tilnefning.
- E. Samþykktir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

- F. Ársskýrsla Ferðamálafulltrúa Uppsveita 2014.
- G. Art verkefni Ársskýrsla.
- H. Fundargerð stjórnarfundar SASS nr 500.
- I. Hreyfivika UMF 2016.
- J. Samband Íslenskra sveitarfélaga fundarg. 833.
- K. Samband íslenskra sveitarfélaga fundarg. 834.
- L. Minnisblað RSK um VSK.
- M. Fritíminn er okkar fag. Stefnumótun í æskulýðsmálum.
- N. Frumvarp til laga nr. 565. Breyting á Húsaleigulögum.
- O. Frumvarp til laga nr. 565. Frumvarp um Húsnæðisbætur.
- P. Frumvarp til laga nr. 643. Frumvarp um almennar íbúðir.
- Q. SASS nýtt skipulag/skipurit.

Fundi slitið kl kl 18:30.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 3. febrúar næstkomandi kl 14:00.

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



Endurnýjun umsókna um húsaleigubætur

Við minnum á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta skv. 10. gr. laga um húsaleigubætur og skv 11. grein sömu laga skulu umsókn fylgja eftirtalin gögn:

1. Leigusamningur gerður á staðfest samningseyðublað, undirritaður af báðum aðilum og þinglýstur. (Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga)
2. Ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra.
3. Launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölulið og barna sbr. 1. mgr. 9.gr. fyrir þrjá síðustu mánuði.
4. Önnur þau gögn sem tiltekin eru í reglugerð eða eðli máls, að stæðum og atvikum kunna að kalla á.

Hægt er að lesa löginn í heild inn á heimasíðu Velferðaráðuneytisins

<http://www.velferdarraduneyti.is/>

Við viljum því benda þeim einstaklingum á sem fá greiddar húsaleigubætur að þeir þurfa að endurnýja umsóknina sína fyrir **31. janúar 2016.**

Helgihaldið vetur, vor og sumar 2016



- 24. jan.:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11 og *kvöldmessa með létttri tónlist* í Hrunakirkju kl. 20:30.
- 7. feb.:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Hrepphóla­kirkju kl. 11 og *messa* í Stóra-Núpskirkju í kl. 14:00. Hátíð í tilefni af útgáfu kirkjukórs á sál­mum sr. Valdimars. Dagskrá í Árnesi eftir messu.
- 21. feb.:** *Kvöldmessa með létttri tónlist* í Ólafsvallakirkju í kl. 20:30. Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna syngur.
- 13. mars:** *Æskulýðsguðsþjónusta* í Hrunakirkju kl. 11.
- 25. mars – föstudagurinn langi:** *Passíusálmalestur* í Hrepphóla­kirkju frá kl.13.
- 27. mars – páskadagur:** *Hátíðarmessa* í Hrunakirkju kl. 8 og *hátíðarmessa* í Ólafsvallakirkju kl. 11.
- 28. mars – annar í páskum:** *Hátíðarmessa og ferming* í Stóra-Núpskirkju kl. 11
- 9. apríl – laugardagur:** *Sunnudagaskólahátíð* í Skálholtskirkju kl. 11 í samstarfi við Skálholtsprestakall.
- 10. apríl:** *Messa* í Hrepphóla­kirkju kl. 14. Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvalla sókna syngur sálma sr. Valdimars Briem.
- 21. apríl – sumardagurinn fyrsti:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11. Lok barnastarfs.
- 24. apríl:** *Guðsþjónusta* í Hrunakirkju kl. 11 og *messa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14. Tvennir tímar leiða söng í messunni.
- 5. maí – uppstigningardagur:** *Sameiginleg messa uppsveitasókna* í Skálholtskirkju kl. 14 á degi eldri borgara.
- 15. maí – hvítasunnudagur:** *Ferming* í Stóra-Núpskirkju kl. 11, *ferming* í Hrepphóla­kirkju kl. 12:30 og *ferming* í Ólafsvallakirkju kl. 14.
- 16. maí – annar í hvítasunnu:** *Ferming* í Hrunakirkju kl. 11.
-
- 5. júní:** *Kvöldmessa* í Hrunakirkju kl. 20:30.
- 17. júní:** *Helgistundir* í tengslum við hátíðahöld í sveitarfélögunum tveimur.
- 19. júní:** *Guðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 11. *Kvöldmessa* í Hrepphóla­kirkju kl. 20:30.
- 14. ágúst:** *Hestamannamessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.
- 21. ágúst:** *Síðsumarmessa* í Tungufellskirkju kl. 14.
- 3. sept.- laugardagur:** *Uppskerumessa* í Hrunakirkju kl. 11 – fjölskylduhátíð.

GEYMIÐ DAGSKRÁNA – SJÁUMST Í KIRKJUNNI!

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur mun halda nafninu.



Gleðilegt ár góðir sveitungar og hafið þakkir fyrir árið sem var að kveðja. Kosningu um nafn á sveitarfélagið okkar er lokið eins og flestum er kunnugt. Undirritaður hefði óneitanlega viljað sjá meiri kjörsókn en hún var þó talsverð.

Á kjörskrá voru 397. Atkvæði greiddu 209 eða 52,6 % af þeim sem voru á kjörskrá. Atkvæði féllu á þann vega að 111 kusu nafnið Skeiða- og Gnúpverjahreppur það eru 53,11 % greiddra atkvæða.

Þjósárnöfnin nutu talsverðar hylli. 45 kusu Þjósárhrepp það gera 21,53 %, 40 kusu Þjósársveit eða 19,14 %, 8 kusu Þjósárbyggð. Eystribyggð fékk 2 atkvæði. Þjósárbakka og Eystri hreppur fengu sitt atkvæðið hvort. Einn seðill var ógildur.

Það er því ljóst að sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur mun ekki skipta um nafn að svo stöddu.

Kosningin sem slík átti fullan rétt á sér og lít ég svo á að nú hafi farið fram mikilvæg afgreiðsla á því hver stuðningurinn er við nafnið Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Ef maður lætur hugann, er áhugavert að spyrja sig hver niðurstaðan hefði orðið ef kosning sem þessi hefði átt sér stað vorið 2002 þegar sameinað sveitarfélag var að fæðast. Ég vil taka það fram af að ég uni því vel að núverandi nafn verði áfram notað, engu að síður hefði ég vel getað sætt mig við að breyting hefði orðið á nafninu.

Nafngift á hverju sem er, hvort sem er einstaklingur, sveitarfélag, fyrirtæki eða hestur er nokkuð sem maður bindur tryggð við. Tryggðin verður því meiri sem samleiðin er lengri með viðkomandi. En ég reikna með að flestir geti tekið undir með mér um að það er annað og meira sem er mikilvægara í fari þess sem nafn ber í hverju tilfelli en nafngiftin, það er fyrst og fremst heilsa og atgervi.

Undir heilsu flokkast margt. Hjá mannfólkinu er það fyrst og fremst líkamlega og andlega heilsan. Hjá sveitarfélögum er það fyrst og fremst heilsa innviðanna. Fjárhagsleg heilsa og um leið heilsa til að geta veitt íbúunum viðandi samfélagsleg lífsgæði.

Megið þið öll eiga góðar stundir á nýbyrjuðu ári.

Kristófer Tómasson sveitarstjóri.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Smárafréttir

JANÚAR 2016



***Minnum á ... Aðalfund Smára 2016
Sem haldinn verður í reiðhöllinni á Flúðum
24 janúar kl. 20.30
Venjuleg aðalfundarstörf
Vonumst til að sjá sem flesta
stjórnin***

Senn líður að nýju starfsári hjá hestamannafélaginu Smára. Til að starfið sé gott og hægt sé að efla það enn frekar má alltaf gera betur. Að starfa í félagsmálum er bæði gefandi og skemmtilegt og virkir félagsmenn eru gulls ígildi og vinna hörðum höndum til að styrkja félagið. Margar hendur vinna létt verk. Það væri gaman að heyra frá ykkur félagsmenn sem væruð til að leggja okkur lið og starfa með okkur í stjórnnum og nefndum félagsins, það er alltaf pláss fyrir nýjar hugmyndir og fleiri hendur. Endilega hafið samband við okkur í stjórninni, komið í kaffi á aðalfund eða sendið okkur línu á smari@smari.is

Nú þegar vetrarstarfið er að fara í gang viljum við einnig bjóða nýja félaga velkomna í félagið. Rétt er að benda á þá vinnureglu stjórnar að nýjir félagar teljast ekki gjaldgengir á mótum eða öðrum viðburðum í nafni félagsins fyrr en að 30 dögum liðnum frá umsókn um inngöngu í félagið.

Umsóknir má senda á smari@smari.is

Minnun á að WORLDFENGUR er frír fyrir félagsmenn. Endilega sendið nafn, kennitölu og netfang á smari@smari.is og aðgangur verður virkjaður.



DAGSKRÁ 2016

(birt með fyrirvara um breytingar)

JANÚAR	Fræðslukvöld með Guðríði Evu dýralækni
JANÚAR	Upplýsingakvöld um æskulýðsstarf f. börn og foreldra
24 JANÚAR	Aðalfundur Smára
13 FEB	1 vetrarmót
19 FEB	Uppsveitadeild fullorðinna
5 MARS	Uppsveitadeild Æskunnar
6 MARS	2 vetrarmóit
FEB-MARS	Námskeið fyrir lengra komna með eigin hesta -undirbúningur fyrir Uppsveitadeild Æskunnar
18 MARS	Uppsveitadeild fullorðinna
23 MARS	Sameiginlegt töltmót Smára, Loga og Trausta
8 APRÍL	Uppsveitadeild fullorðinna
16 APRÍL	Uppsveitadeild Æskunnar
23 APRÍL	3 vetrarmót
MARS-MAÍ	Reiðskóli með Steina í Syðra-Langholti
7 MAÍ	Uppsveitadeild Æskunnar
27-29 MAÍ	Hestheimaferð
MAÍ-JÚNÍ	Þjálfun fyrir Landsmót
26 JÚNÍ	Brokk og Skokk
27.6-3.7	LANDSMÓT Á HÓLUM

1 VETRARMÓT 2015 verður haldið 13 febrúar á

Flúðum. Mótið hefst kl. 14.00 á pollaflokk inn í reiðhöll.

Tekið verður við skráningum frá 13.30

Keppt verður í :

Pollaflokk

Unghrossaflokk (hross fædd 2011 og 2012)

Barnaflokk

Ungmennaflokk

II flokk fullorðinna

I flokk fullorðinna

Flottur bíll - Fyrstur kemur fyrstur fær!!

Til sölu er þessi glæsilega rennireið sem er Skoda Octavia árg. 2004. Hún hefur flutt margan höfðingjann og ekki síður glæstan varning í hinar finustu veislur Íslandssögunnar til margra ára og alltaf staðið sína plikt. - Er mjög vel á sig komin og verðið er sanngjarnt. ☺ Allar uppl. í síma **844-8211**.



Sárabót –fyrir alla– í nýjum umbúðum!

Nú er sárabót komin í nýjar umbúðir.
Ný lína fyrir menn og önnur fyrir skepnur.
Einnig komin á markað leðurfeiti úr
minkafitu, góð fyrir hnakka og skó.
Höfum þessa góðu vöru alltaf til sölu.
Katrín og Stefán, Ásaskóla.
S: 4866047- 898-6047-865-8776.



Velferðarþjónusta Árneshvíls í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181
www.arnesthing.is

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árneshvíls er María Kristjánsdóttir
maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu sigrun@laugaras.is



Í hátíðarmessu á jóladag færði Kvenfélag Skeiðahrepps Ólafsvallakirkju sex fermingarkyrtla að gjöf.

Það er von kvenfélagsins að þeir eigi eftir að prýða ótalmörg fermingarborn í komandi tíð.

Harpa Dís Harðardóttir formaður félagsins afhendir séra Óskari H. Óskarssyni Sónarpresti, skjal varðandi gjöfina.



Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfús

Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt



REIÐNÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGLINGA



Fyrirhugað er að halda reiðnámskeið í Reiðhöllinni á Flúðum fyrir börn og unglunga.

Áherslur námskeiðsins miða við þjálfun knapa og hrossa með keppni í huga og verður námskeiðið keyrt samhliða Uppsveitadeild æskunnar í samstarfi við hestamannafélagið Loga.

Kennari verður Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir.

Dagsetningar:

Mánudagur 15. febrúar

Mánudagur 22. febrúar

Mánudagur 29. febrúar

Mánudagur 7. mars

Mánudagur 14. mars

Mánudagur 11. apríl

Skráning á smarakrakkar@gmail.com fyrir **12. febrúar**

Námskeiðsgjald 8.000,-

Mótadagar Uppsveitadeildar æskunnar eru:

Laugardagur 5. mars

Laugardagur 16. apríl

Laugardagur 7. maí



Kveðja, Æskulýðsnefnd Smára

TAXI DRIVER

TAXI er á svæðinu sem þjónustar
Grímnlesið, Bláskógabyggð,

Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Með kv. TAXI DRIVER

Símar: 776 0810 & 783 1224



Fótaaðgerðastofan á Heimalandi, Flúðum

Minni á að ég hef opnað fótaaðgerðastofu á Heimalandi sem verður opin á miðvikudögum, einnig verður hægt að fá aðra tíma eftir samkomulagi. Allir eru hjartanlega velkomnir, vonandi getið þið notfært ykkur þessa þjónustu.



Tímamantanir í síma 863-0433.

Sólveig Jóhannsdóttir, löggildur fótaaðgerðarfræðingur.

Þjónusta vegna ljósleiðarans!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýttengingum og línubókhalði Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans.



Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson



www.Híalín.is

Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.



Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com



**Umsóknarfrestur í Atvinnuuppbyggingarsjóð
Skeiða- og Gnúpverjahrepps er til 1. apríl 2016.
og 1. úthlutun er 1. maí 2016.**



Umsóknum skal skilað á skrifstofu sveitarfélgsins.

Meðf. er hluti úthlutunarreglna en þær má skoða í heild sinni á
[www.skeidgnup.is/Reglur og samþykktir](http://www.skeidgnup.is/Reglur%20og%20samþykktir)

2. gr.

Umsjón sjóðsins er í höndum sveitarstjórnar sem fjallar um umsóknir og gerir tillögur að úthlutun úr honum. Áður en til úthlutunar getur sveitarstjórn aflað faglegs álits á umsóknum.

3. gr.

Meginhlutverk sjóðsins er að efla byggð og atvinnu í sveitarfélaginu.

4. gr.

Sjóðnum er ætlað að veita styrki til verkefna sem lúta að atvinnuþróun og nýsköpun í sveitarfélaginu. Þeir sem lögheimili hafa, reka atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu eða ætla að hefja atvinnurekstur í sveitarfélaginu hafa alla jafnan forgang að úthlutun.

5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu almennt ekki vera hærri en sem nemur 50% af heildarkostnaði.

6. gr.

- a) Forsenda styrkúthlutunar er að umsækjendur leggi fram kostnaðar- og verkáætlun með umsókn. Þá skal vinna framvinduskýrslu og/eða lokaskýrslu vegna verksins.
- b) Almennt skal miða við að styrkir séu greiddir út samkvæmt framvindu verksins. Þó er heimilt að greiða þriðjung væntanlegs styrks við upphaf verksins, næsta þriðjung í samræmi við framvindu og síðasta þriðjung við verklok þegar fyrir liggur loka skýrsla og/eða kvittanir fyrir útlögðum kostnaði.
- c) Breytist forsendur verksins verulega á styrktíma er hægt að slíta samstarfi við þann sem nýtur styrks og fella niður þær greiðslur sem ekki hafa verið inntar af hendi.
- d) Verði styrkþegi uppvís að röngum upplýsingum og/eða að ekki hafi verið unnið samkvæmt áætlunum er heimilt að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk.

10. gr.

Einfaldur meirihluti sveitarstjórnar ræður ákvörðunum ef úthlutunum er lokið með atkvæðagreiðslu.

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja er:



Munum það — í verki !

802

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-8:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 12:00

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla söluaðila.

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8-12 og 13-17 alla virka daga. Sími skrifstofu 486-1070, Halldóra og 892-2370 Pálmar netfang:

fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371-Dawid útkeyrsla og Selfoss

892-2372-Kamil Flúðir-Reykjavík.

892-2316-Lukasz útkeyrsla

892-2308-Trailer.



*Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar*

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —


Vaxmeðferðir - Litun og plökkun.



**Tímapantanir í
síma: 856-1599**

***Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.***

***Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.***



Á bak við eldavélina!

Ég vil byrja á að þakka Guðbjörgu tilnefninguna og ákvað að svara fyrir mig með tveim uppskriftum. Annars vegar er um að ræða einfaldan eggjabrauðrétt og hins vegar kjúklingarétt.

Egg á brauði.

Hráefnið sem þarf í þennan rétt er eftirfarandi:

- Brauðsneið (1-2 á mann)
- Egg (helst landnámshænuegg)
- fyrir hverja brauðsneið
- Örlítið smjör
- Krydd
- Rifinn ostur

Þar sem brauðið á að bakast í ofni við 200°C er snjallt að stilla ofninn og leyfa honum að ná


upp hita meðan rétturinn er undirbúinn. Fyrst er að taka brauðsneiðina og fletja hana út með fingrum þannig að það verði svona c.a. hálfs sentimeters kantur umhverfis útflatt brauðið (athugið að það á bara að fletja brauðið út og pressa það en ekki gera gat). Þvínæst er kanturinn smurður með smjörunu, bara þunnt lag. Næsta skref er að brjóta skurnina af landnámshænuegginu og setja innihaldið í brauðsneiðina. Eggið er þvínæst kryddað með t.d. salti og pipar eða season all. Svo er rifni osturinn settur á brauðkantinn allan hringinn, sjálfum finnst mér gott að setja dálítinn slatta af osti en magnið ræðst af smekk. Brauðið er síðan bakað í ofninum í 10 mín. Við 200°C. Örlítið styttri tími t.d. 8 mín. og þá verður eggið ekki alveg harðsoðið.

Salsa kjúklingur með Mexíkó osti

Hér er svo rosalega skemmtilegur kjúklingaréttur. Undirbúningur á að taka um 15 mín. og svo á ofninn að sjá um að græja rest. Sósan getur verið frekar bragðmikil en hægt er að stilla styrkleikann af með því að nota mismunandi styrk af salsa sósunni.

Salsa kjúklingur með Mexíkó osti (fyrir 6):

- 6 kjúklingabringur
- 1-2 msk olía eða smjör
- Krydd, t.d chilli explosion eða önnur góð kryddblanda
- 1 stór krukka (350 gr) salsa sósa
- 1 askja Philadelphia light rjómaostur
- 1 Mexíkó ostur, smátt skorinn
- 1/2 kjúklingateningur



Nokkrar tortillaflögur eða Doritos

1 dl rifinn ostur

Smátt saxað ferskt kóríander (má alveg sleppa)



Aðferð:

Hitið ofn í 180 gráður og kveikið undir pönnu á meðal-háum hita. Skerið bringurnar í tvennt eftir endilöngu, kryddið og steikið upp úr smjöri eða olíu þar til bringurnar hafa brúnast. Leggið kjúklinginn í eldfast mót. Hellið salsa sósunni á pönnuna ásamt smátt skornum Mexíkóostinum og rjómaostinum og hálfum kjúklingateningi. Setjið 1 dl af vatni í salsakrúkkuna, lokið á og hristið og hellið á pönnuna. Hitið sósuna þar til allt bráðnar en það er allt í lagi að hafa smá Mexíkó osta bita í henni, bara betra. Hellið sósunni yfir kjúklingabringurnar. Stráið yfir rifna ostinum og nokkrum lúkum af muldum tortillaflögum. Bakið í 20 mínútur. Stráið smátt söxuðum kóríander yfir og berið fram með tortillaflögum, gróft skornum tómötum og avocado.

Það má líka gjarnan bera þetta fram með hrísgrjónum, brauði eða salati.

Ég skora á Víking Birgisson, Grænuhlíð til að koma með næstu uppskrift.

Kveðja. Jónas Yngvi Ásgríms.



Menn og Málefni!



Ólafur Freyr Ólafsson og Guðfinna Ósk Magnúsdóttir, Holtabraut 33 í Brautarholti eignuðust sitt fyrsta barn þann 27. desember s.l. Það er drengur sem vó 3852 gr og 51 cm og við óskum þeim hjartanlega til hamingju með litla drenginn sinn.

Sigurbjörg Bára Björnsdóttir í Vorsabæ 2 útskrifaðist 22. maí 2015 sem stúdent af félagsfræðibraut og einnig af hestabraut frá FSu Selfossi.

Kristinn Högnason Laxárdal 1b lauk stúdentsprófi og sjúkraliða-prófi að loknu starfsnámi á sjúkraliðabraut frá Fjölbrautarskóla Breiðholts 18. desember 2015. Hann reiknar með að fara á Hvanneyri í haust.

Við óskum þeim Sigurbjörgu og Kristni innilega til hamingju með áfangana.



Afréttakortið, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna. Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-**
Gott á fjöllin fyrir útvistarfólkið og í jólapakkann... ☺

Daglegar vöruferðir í uppsveitir
Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Gleðilegt nýtt ár

Um leið og við þökkum ánægjuleg viðskipti á liðnu ári þá viljum við minna á að Landstólpi hefur uppá að bjóða fjölbreytt úrval af: Stein- og bætiefnum, kúafóðri, kálfafoðri, hestafóðri, vatnsdöllum og vatnaskörum, milligerðum, átgrindum, steinbitum, girðingarefni, hreinlætisvörum fyrir fjós og heimili, rúlluplasti, stæðuplasti, sáðvöru, vinnu- og kuldagöllum, sokkum o.fl.

Vonumst til að eiga ánægjuleg samskipti á árinu 2016

Vinnugallar



Kuldagallar



Hestaskór



Bekina stígvél



Sokkar



Spónn - Sag - Furuflís



Heyrúlluskeri



Plast- og netskræleri

Cashels heyrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann grípur plastið og netið utanaf rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar. Skerinn er með öfluga tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.

- Sterkur
- Öflugur
- Léttur



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi
Neslaug S: 486-6117 Skeiðalaug S: 486 5500



Vetraropnun frá 1. des. 2015

Neslaug lokuð

Lokuð til 19. mars 2016

Skeiðalaug opin:

Fimmtudaga: 18 — 22

Mánudaga 18 — 22

Eypór Brynjólfsson.

Umsjónarmaður sundlauga.

Vörur tengdar sundi seldar í
afgreiðslum lauganna.

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Aðeins er 10 mínútna akstur
á milli lauganna.

Frítt fyrir 70 ára og eldri.
Frítt fyrir öryrkja gegn
framvísun skírteinis.

Neslaug og
Skeiðalaug eru á 

Fylgist með þar ☺

Frítt í sund fyrir 18 ára og
yngri sem eiga lögheimili í
sveitarfélaginu.

„Ó, syng þínum Drottni“

er heiti á hljómdiski með nokkrum völdum sálum eftir
sr. Valdimar Briem (1848-1930) á Stóra-Núpi. Diskurinn kom út í byrjun
desember. Það er Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna sem syngur
sálmana undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista.

Hljómdiskurinn er seldur í Sunnlenska bókakaffinu
á Selfossi, Lyfju-útibúi í Laugarási, Mál og menning
í Rvík. er með hann til sölu, og þá er hægt að
nálgast hann hjá kórfélögum í Kirkjukór Stóra-Núps-
og Ólafsvallasókna. Einnig hægt að senda póst á
kirkjukorinn2015@mail.com og fá hann sendan og
greiða inn á bankareikning.

